

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1849  
komudagur 30.3.2011



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Skrifstofa Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.03.2011

Tilv. 003/2011

RMJ

### **Erindi: Umsögn um áfengisfræðslu, mál 274.**

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreinda þingsályktun.

Í umræddri þingsályktun er lagt til að Alþingi álykti um að fela mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir aukinni fræðslu um skaðsemi áfengis í grunn- og framhaldsskólum.

Í greinargerð með þingsályktuninni er farið yfir þróun mála í áfengisneyslu íslenskra ungmenna og farið yfir áhrif áfengisneyslu á einstaklinginn. Það verður því ekki gert í þessari umsögn.

Lýðheilsustöð tekur undir þingsályktunina sem mun verða til þess að samræmi verði á milli fræðslu um skaðsemi tóbaks, sjá 14.gr. tóbaksvarnarlagu, og áfengis.

Vert er að geta þess að þegar niðurstöður rannsókna um áhrifaríkustu leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir áfengisneyslu eru stjórnvaldsaðgerðir sem snúa að aðgengi, þ.e. sölufyrirkomulagi, verði, sölutíma og aldursmörk til áfengiskaupa þær leiðir sem sérfræðingar mæla með. Fræðsla ein og sér er ekki nægjanleg til að hafa áhrif á neyslu áfengis en nauðsynleg með öðrum aðgerðum. Samkvæmt yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ungt fólk og áfengi frá árinu 2001 eiga allir rétt á réttum upplýsingum og fræðslu, frá unga aldri, um áhrif áfengisneyslu á heilsu, fjölskyldu og samfélag. Aukin fræðsla í skólum um skaðsemi áfengis má því ekki verða til þess að slakað verði á þeim áhrifaríku aðgerðum sem nú þegar eru til staðar á Íslandi. Er þar átt við einkasölu ríkisins á áfengi, há aldursmörk og áfengisgjald.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ásamt öðrum stofnunum bendir á að heildræn nálgun er talin árangursríkust í forvörnum og heilsuefingu í skólum. Með heildrænni nálgun er átt við að tekið er á málum með heildrænni stefnu í heilsuefingu og forvörnum í góðu samstarfi við lykilaðila í skólasamstarfi og nærsamfélaginu. Lýðheilsustöð í samvinnu við aðrar fagstofnanir, m.a. mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur að Heilsuefandi skóla, bæði í grunn- og framhaldsskólum sem byggir á slíkri nálgun.

*Margrét Björnsdóttir*

Margrét Björnsdóttir  
forstjóri Lýðheilsustöðvar